

Alþingi
Eriindi nr. P 139/2871
komudagur 1.6.2011

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Stofnun	Viðskiptanefnd
Stofnun	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti
Dagsetning	01.06.2011
Lausnúmer	EVR11010126
Liður	3.1

Frúmvarp fjármálafyrirtæki - slit (kröfuhafanefndir, nauðasamningar o.fl.)

Þann 31. maí 2011 funduðu formaður og settur varaformaður viðskiptanefndar með efnahags- og viðskiptaráðherra og fulltrúum á vegum ráðuneytisins vegna frúmvarps til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki (þingmál 783). Óskað var eftir því að ráðuneytið myndi taka saman minnisblað um þau atriði sem voru rædd á fundinum.

1. gr. frúmvarpsins: um mögulegar afleiðingar af innleiðingu ákvæða tilskipunar 2001/24/EB:

Varðandi ógildingarregluna í b-lið greinarinnar telur ráðuneytið æskilegt að tekið sé fram með skýrum hætti í nefndarátliti að ekki sé átt við riftunarreglur skv. XX. kafla laga um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (GÞL). Um riftun við slit fjármálafyrirtækja gildi sem fyrir íslenskar riftunarreglur XX. kafla GÞL, sbr. einnig 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002.

Tilaga að viðbot við 2. gr. frúmvarpsins:

Lagaákvæðið telur rett að eftir orðinu "slitastjórn" komi "*skilaneynd eða bráðabirgðastjórn*" til að tryggja mannvafa um að ákvæðið nái einnig til skilaneynda og bráðabirgðastjórna.

Tillögur að breytingum á 3. gr. frúmvarpsins:

Lagt er til að 4. málsl. 3. mgr. greinarinnar verði felldur brott.

Einnig er lagt til að 4. mgr. ákvæðisins verði breytt á þá leið að FME geti beint kröfu til héraðsdóms um að skipa skuli nýja slitastjórn. Tillaga ráðuneytisins að orðalagi er eftirfarandi (breytingar frá orðalagi í frúmvarpi eru undirstrikaðar):

"Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beina kröfu til héraðsdóms um að vikja skuli slitastjórn frá í heild eða að hluta í þeim tilvikum þegar viðkomandi slitastjórn telst ekki hafa unnið störf sín í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Héraðsdómur getur á þessum málum til urkundar svo þljótt sem unnt er."

Afstaða ráðuneytisins varðandi 4. gr. frúmvarpsins:

Slitastjórn Glitnis banka hf. lagði í umsögn sinni um frúmvarpið til að bætt yrði við b-lið 4. gr. frúmvarpsins tveimur málslíðum sem kvæðu annars vegar á um að eigi úthlutun sér stað í erlendum gjaldmiðli skuli miða úthlutun við sölugengi Seðlabankans gagnvart íslenskri krónu á úthlutunardegi, og hins vegar að heimilað yrði að stofna fjárvörsluinlánsreikninga hjá erlendum lánastofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu, uppfylli fjármálastofnanir skilyrði fyrir slíkum reikningum. Einnig var lagt til að bætt yrði við greinina nýjum lið, sem yrði þá c-liður, um heimild til að fresta hlutagreiðslu til köfuhafa þegar úthlutun telst óveruleg í samanburði við kostnað við útgreiðslu.

Lagos lagði í umsögn sinni til að nýjum lið yrði bætt við greinina þar sem kveðið yrði á um að greiðslur til forgangskröfuhafa skyldu takmarkast við upprunalega fjárhæð þess gjaldmiðils sem þeir fjárfestu fyrir eða lögðu til þeirra, í samræmi við verðmæti eigna þegar þær eru greiddar út til kröfuhafa við úthlutun.

Ráðuneytið getur ekki tekið undir þær tillögur sem fram koma í umsögnum Glitnis og Logos. Ekki er talin ástæða til að leiða í lög um fjármálafyrirtæki ákvæði sem myndi kveða á um við hvaða tímamark skuli miða gengi íslenskrar krónu við úthlutun í erlendum gjaldmiðli.

Þá verður ekki séð, með tilliti til þeirra hampa sem eru á fjármagnsflutningum í dag, að slíkir hagsmunir séu í húfi fyrir slitastjórnir til að heimila slík frávik frá lögum um gjaldeyrismál eins og lagt er til að verði gert í umsögn Glitnis.

5. gr. frumvarpsins: nánari afmörkun á efni ákvæðisins:

Æskilegt er talið að í nefndarálit verði skýrt með nánari hætti í hvaða tilvikum slitastjórnnum verði gert skylt að kynna kröfuhöfum fyrirfram um tilteknar ráðstafanir, en nauðsynlegt þykir að kveðið sé á um framkvæmd varðandi upplýsingagjöf til kröfuhafa í lögum um fjármálafyrirtæki. Tillaga ráðuneytisins að texta í nefndarálit er eftirfarandi:

"5. gr. frumvarpsins er ætlað að festa enn frekar í sessi upplýsingagjöf til kröfuhafa. Almennt er gert ráð fyrir því að slitastjórnir meti sjálfar með hvaða hætti og á hvaða tímavarki slík upplýsingagjöf fer fram. Þó þykir rétt að ætlast verði til þess slitastjórnir tilkynni kröfuhöfum um væntanlegar ráðstafanir í þeim tilvikum þegar slík upplýsingagjöf gæti mögulega leitt til þess að hagstæðari niðurstaða fái, t.d. í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að eignir verði seldar á of lágu verði þar sem lanafyrirgreiðsla er ekki fyrir hendi. Með þessu er þó t.d. ekki ætlast til að söluferli eigna fari fram fyrir opnum tjöldum, heldur er skyldunni til að kynna fyrirfram um væntanlegar umtalsverðar ráðstafanir einungis ætlað að ná til upplýsinga um mikilvægar óafturkallanlegar ráðstafanir með eignir búisins."

Þetta ráðuneytið leggja til að á eftir orðinu "slitastjórn" komi "eða skilanefnd" til að taka af allan ábyrgðina ákvæðið nær einnig til skilanefnda.

Afstaða ráðuneytisins varðandi 6. gr. frumvarpsins:

Slitastjórn Glitnis banka hf. lagði til í umsögn sinni til að einum málslið yrði bætt við b-lið greinarinnar, þar sem kveðið yrði á um að við mat á eftirgjöf samningakrafna skv. greininni skyldi tillit tekið til hlutagreiðslna sem hafa verið greiddar kröfuhöfum áður en nauðasamningur er lagður fram.

Kaupþing banki hf. lagði til tvönnar konar viðbætur við greinina. Annars vegar var lagt til að bætt yrði við 4. mgr. 103. gr. laganna málsliðum sem kvæðu á um að ákvæði 2. tölul. 138. gr. GPL, gildi varðandi heimild til að reyna frekari nauðasamningsumleitanir, hafi sú fyrri farið forgörðum. Hins vegar var lagt til að við a-lið 6. gr. frumvarpsins yrði bætt texta varðandi áhrif umdeilda atkvæða á atkvæðagreiðslu, en í umsögninni var tekið fram að eðlilegt væri að áhrif umdeilda atkvæða á nauðasamning færu að öllu leyti eftir 52. gr. GPL.

FME lagði til að kveðið yrði skýrar á um lok slitameðferðar þegar henni lyki með gerð nauðasamnings, t.d. þegar fyrirhuguð væri áframhaldandi starfsemi sem væri ekki starfsleyfissskyld.

Logos lagði til að ákveðinn frestur yrði veittur til að freista þess að afla samþykkis og staðfesta nauðasamning ef hann hefur ekki fengist staðfestur í fyrsta sinn. Ef nauðasamningur fengist ekki staðfestur í annarri tilraun innan eins árs frá því að atkvæðagreiðsla um fyrri nauðasamning fór fram yrði bú fjármálafyrirtækisins tekið til gjaldþrotaskipta. Einnig lagði Logos til að bætt yrði við a-lið 6. gr. frumvarpsins heimild til handa ákveðnu hlutfalli kröfuhafa (25%) til að leggja fram frumvarp að nauðasamningi þegar fjármálafyrirtæki hefur verið í slitameðferð í tvö ár þess að tekin hafi verið ákvörðun um að leita nauðasamnings. Þá taldi Logos að ekki lægi nægilega ljóst fyrir hver væru rökinn að baki því að áskilja samþykki 70% höfðatöluatkvæða, frekar en 60%.

Loks lagði Logos til að tveimur málsliðum yrði bætt við b-lið 6. gr. í þeim tilgangi að skýra kosningarétt "eiginlegra" kröfuhafa í þeim tilvikum þegar vörslumaður kemur fram af þeirra hálfu.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að heimilað verði að reyna frekari nauðasamningsumleitani, hafi sú fyrir farið forgörðum. Þetta er atriði sem þyrfti að skoða mjög ítarlega ef það ætti að taka það til greina. en einnig má benda á að í a-lið greinarinnar er lagt til að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. GPL (sem kveður á um að ef frumvarp fæst hvorki samþykkt né fellt vegna ónægrar þátttöku á fundi til að greiða atkvæði um það skuli atkvæðagreiðsla fram haldið á nýjum fundi sem skal haldinn innan tveggja vikna) skuli lengdur úr tveimur vikum í átta vikur, sem ætti að veita slitastjórnnum nægilegt svigrúm til að gera breytingar á frumvarpi til nauðasamnings. Ráðuneytið telur að ekkert sé því til að standa á að kveðið verði á um að fresturinn verði lengdur enn frekar, t.d. í 12 vikur, í þeim tilgangi að veita slitastjórnnum aukið svigrúm til að gera breytingar á frumvarpi til nauðasamnings.

Þá telur ráðuneytið ekki ástæðu til að taka undir tillögu Logos varðandi heimild til handa ákveðnu hlutfalli kröfuhafa til að leggja fram frumvarp að nauðasamningi þegar fjármálafyrirtæki hefur verið í slitameðferð í tvö ár án þess að tekin hafi verið ákvörðun um að leita nauðasamnings. Slitum fjármálafyrirtækja verður annað hvort lokið með nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum. Það er alfarið ákvörðun og á ábyrgð slitastjórnar að meta það hvenær tímabært er að leita eftir nauðasamningi. Sé sú leið farin að óska eftir nauðasamningi fer um málsmeðferð við nauðasamningsumleitani eftir reglum sem gilda um nauðasamningsumleitani við gjaldþrotaskipti, eins og fram kemur í 3. mgr. 103. gr. a laganna. Þar kemur fram að eftir því sem við getur átt fari nauðasamningsumleitani eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.-153. gr. GPL, en að slitastjórn gegni þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og haldi kröfuhafafundi við þessar umleitani.

Eitt þeirra skilyrða sem gerð eru fyrir því að slíkur nauðasamningur verði endanlega staðfestur er að kröfur sem skipað er í kröfuhafaflokka eftir 109.-112. gr. séu áður greiddar, fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu þeirra eða hlutaðeigandi samþykki skriflega að nauðasamningur verði staðfestur án þess, sbr. 2. mgr. 153. gr. GPL.

Til þess að taka af allan vafa er lagt til að ákvæði 6. mgr. 102. gr. laganna verði breytt á þá leið að heimild til þess að greiða út kröfur við slit fjármálafyrirtækis miðist við ofangreindar kröfur, enda er reglunni einkum ætlað að einfalda störf slitastjórnar við slit fjármálafyrirtækja svo unnt verði að gera nauðasamning eða eftir atvikum að leita eftir gjaldþrotaskiptum fjármálafyrirtækis. Er því lagt til að ákvæði 1. málslíðar 6. mgr. 102. gr. hljóði svo (tillögur að breytingu undirstrikaðar):

"Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgu að greiða viðurkenndar kröfur skv. 109.-112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 að hluta eða að fullu að því marki sem tryggt er að eignir fjármálafyrirtækisins hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og ekki hefur endanlega verið hafnað við slitin."

Varðandi rökin að baki því að áskilja samþykki 70% höfðatöluatkvæða, frekar en 60%, vill ráðuneytið benda á að með greininni eru lagðar til töluverðar breytingar á núgildandi reglum, þar sem m.a. er kveðið á um að við talningu atkvæða eftir höfðatölu skuli einungis miðað við þá aðila sem sannanlega greiða atkvæði við nauðasamningsumleitani. Þessi breyting felur í sér töluverða rýmkun frá gildandi reglum. Hafa verður í huga að líta þarf til hagsmuna allra kröfuhafa fjármálafyrirtækis, þegar mat er lagt á hversu langt megi ganga við setningu reglna um hverjir geti ráðstafað hagsmunum annarra kröfuhafa og í reynd knúið fram niðurfærslu krafna með atkvæðagreiðslu. Í reglunni felst mikil efnisbreyting, þar sem fallið er frá núgildandi reglu GPL. um að 60% allra kröfuhafa talið eftir höfðatölu þurfi að samþykkja frumvarp að nauðasamningi, og í stað þess einungis krafist að tiltekið hlutfall þeirra sem í reynd greiða atkvæði við nauðasamningsumleitani þurfi að samþykkja frumvarp. Í því ljósi og þar sem í reglunni felst nýmæli, var því talið rétt að miða við 70% hlutfall þeirra sem greiddu atkvæði og því þótti ekki ástæða til að heimila að miðað yrði við lægra hlutfall atkvæða. Ráðuneytið telur hins vegar æskilegt að það verði sérstaklega áréttað í nefndaráliti hversu mikilvægt er að kynna reglurnar um atkvæðagreiðslu um nauðasamning fyrir kröfuhöfum, þannig að þeir séu vel upplýstir um þær reglur sem gilda um atkvæðagreiðslur við nauðasamninga fjármálafyrirtækja og afleiðingar þess að þeir mæti ekki og greiði atkvæði á fundi þar sem frumvarp að nauðasamningi verður kynnt.

Fyllögur að breytingum á 7. gr. frumvarpsins:

Þetta er til að a-liður greinarinnar verði svohljóðandi (breytingar frá orðalagi í frumvarpi eru áhvarfkaðar):

"Ákvæði 2. málsl. 3. tölul. koma þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: "Að því leyti sem ekki er mælt til annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um skiptastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni. Þeir menn sem eiga sæti í skilanefnd um skiptastjóra uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og 4. mgr. 52. gr. laganna. Ákvæði þetta er gæddur 1. janúar 2012 og skulu þá þau verk sem skilanefndir hafa sinnt falla til slitastjórna."